

EIGENDAFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2004, fimmtudaginn 29. janúar var haldinn eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 12:15

Viðstaddir voru borgarstjórinn í Reykjavík Þórólfur Árnason, Gísli Gíslason bæjarstjóri Akranesi, Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri Borgarbyggð, Linda Björk Pálsdóttir sveitastjóri Borgarfjarðarsveit, Alfreð Þorsteinsson formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, Sveinn Kristinsson, Guðmundur Páll Jónsson, Tryggvi Friðjónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Gunnar Sigurðsson, forstjóri Orkuveitunnar, aðstoðarforstjórar og Hjörleifur Kvaran.

Fundarritari var Ólafur Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Stjórnarformaður setti fundinn, og bauð fulltrúa eigenda velkomna og lagði til að Hjörleifur Kvaran yrði fundarstjóri.
Samþykkt.
2. Fundarstjóri taldi fundinn löglegan, þar sem löglega hafði verið til hans boðað.
3. Lögð fram tillaga að nýjum sameignarsamningi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar hefðu verið frá gildandi samningi. Sveitastjórnir Akraness, Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar hafa samþykkt hinn nýja samning. Fimm eintök af hinum nýja samningi voru undirrituð af sveitar- og bæjarstjórum en borgarstjórinn í Reykjavík undirritaði samninginn með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar þar sem hún hefur ekki enn samþykkt samninginn.
4. Fundastjóri lýsti því yfir að dagskráin væri tæmd og hlutverki sínu á fundinum lokið.

Fundi slitið kl. 13.10

Gísli Gíslason, Linda Björk Pálsdóttir, Páll S. Brynjarsson, Þórólfur Árnason.